

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

914. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 8. ágúst 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð 173. fundar félagsmálaráðs frá 3. ágúst sl. lögð fram. Fundargerð í einum lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.

2. Fundargerð 272. fundar skipulags- og umhverfisráðs frá 4. ágúst sl. lögð fram. Fundargerð í 6 liðum.

Borinn undir atkvæði 1. dagskrárliður og samþykktur með 3 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 2. dagskrárliður og samþykktur með 3 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 3. dagskrárliður og samþykktur með 3 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 4. dagskrárliður og samþykktur með 3 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 5. dagskrárliður og samþykktur með 3 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 6. dagskrárliður og samþykktur með 3 atkvæðum.

Fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.

3. 1509120 Lagt fram erindi frá forsætisráðuneytinu drög að eigendastefnu fyrir þjóðlendur. Byggðarráð samþykkir að senda erindið til umsagnar landbúnaðarráðs.

4. 1608004

a) Árshlutauppgjör janúar-júní 2016. Lagt fram til kynningar rekstraryfirlit sveitarsjóðs og undirfyrirtækja fyrstu sex mánuði ársins og samanburður við fjárhagsáætlun sama tímabils. Rekstur er almennt í samræmi við fjárhagsáætlun ársins.

b) Viðauki 1. Sveitarstjóri og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs leggja fram tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2016. Um er að ræða tilfærslu á milli málaflokka og deilda að upphæð kr. 36.000.000 sem skiptist þannig:

02 Félagsþjónusta- launakostnaður	kr. 2.900.000
04 Fræðslumál- launakostnaður	kr. 17.600.000
05 Menningarmál-launakostnaður	kr. 1.400.000
06 Æskulýðs- og íþróttamál-launakostnaður	kr. 1.800.000
07 Brunamál og almannavarnir-launakostnaður	kr. 3.600.000
09 Skipulags- og byggingamál-launakostnaður	kr. 1.100.000

11 Umhverfismál-launakostnaður	kr.	800.000
21 Sameiginlegur kostnaður-launakostnaður	kr.	3.400.000
31 Eignasjóður-launakostnaður	kr.	1.400.000
1032 Styrkvegir	kr.	2.000.000
2190 Ófyrirséð	kr.	-36.000.000

Samkvæmt meðfylgjandi nánari sundurliðun.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.

5. Lögð fram eftirfarandi erindi frá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra, beiðni um umsagnir vegna leyfis skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
 - 160548** Guðný Helga Björnsdóttir f. h. Í efra ehf. sækir um leyfi til að reka gististað í flokki II að Bessastöðum syðri í Húnaþingi vestra.
 - 1608005** Hannes G. Hilmarsson sækir um leyfi til að reka gististað í flokki II að Borgum í Húnaþingi vestra.
 - 1507025** Stefán Aðalsteinsson f.h. Star light apartments um leyfi til að reka gististað í flokki II að Hvammstangabraut 9 Hvammstanga.
 - 1607001** Jóhanna Sigríður Sveinsdóttir sækir um endurnýjun leyfis til að reka gististað í flokki III að Garðavegi 26 á Hvammstanga.
- Sveitarstjóra falið að svara erindunum í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
6. **Málefni fatlaðs fólks.** Lagt fram til kynningar bráðabirgðayfirlit sveitarfélagsins Skagafjarðar yfir rekstur málefna fatlaðs fólks tímabilið janúar-júní 2016. Samþykkt að taka á dagskrá.
7. **Lagt fram erindi Hannesar Lárussonar og Sólveigar Sigurbjörnsdóttur** dags. 6. ágúst 2016, þar sem óskað er eftir meðmælum sveitarstjórnar Húnaþings vestra vegna fyrirhugaðra kaupa á ábýlisjörð þeirra Óspaksstöðum í Húnaþingi vestra og staðfestingu um ábúð og lögheimili. Byggðarráð samþykkir að mæla með því að Hannes og Sólveig fái að kaupa jörðina og staðfesta að þau hafa stundað sauðfjárbúskap á jörðinni í áratugi og eiga þar lögheimili.
8. **Lögð fram drög að samkomulagi við Reykjahöfða ehf.** um tímabundin afnot lóðar nr. 22a við Norðurbraut. Byggðarráð samþykkir drögin og felur sveitarstjóra að ljúka gerð samkomulagsins í samráði við lögmann sveitarfélagsins.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:22

Elín Jóna Rósinberg

Unnur Valborg Hilmarisdóttir

Elín R. Líndal

Guðný Hrunn Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir